




*Árni Björnsson*



Fæddur 19. janúar 1959

Dáinn 18. mars 2023

Útför frá Dalvíkurkirkju fimmtudaginn 30. mars kl. 13:30  
Jarðsett verður í Dalvíkurkirkjugarði

# Förspil

Ave María

Sigvaldi Kaldalóns



## Signing og bæn



Hærra, minn Guð, til þín

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphefðin mín.

Hljóma skal harpan mín:  
:; Hærra, minn Guð, til þín, :;  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.


Hljómi svo harpan mín:  
:; Hærra, minn Guð, til þín, :;  
hærra til þín.

Villist ég vinum frá  
vegsmóður einn,  
köld nóttin kringum mig,  
koddi minn steinn,  
heilög skal heimvon mín.  
:; Hærra, minn Guð, til þín, :;  
hærra til þín.

Árla ég aftur rís  
ungur af beð.  
Guðs hús á grýtttri braut  
glaður ég hleð.  
Hver og ein hörmung mín  
hefur mig, Guð, til þín,  
hærra, minn Guð, til þín  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
:; Hærra, minn Guð, til þín, :;  
hærra til þín.

*Lowell Mason - Adams - Matthías Jochumsson*



## Ritningarlestur



### Vertu, Guð faðir

Vertu, Guð faðir, faðir minn,  
í frelsarans Jesú nafni,  
hönd þín leiði mig út og inn,  
svo allri synd ég hafni.

Höndin þín, Drottinn, hlífi mér,  
þá heims ég aðstoð missi,  
en nær sem þú mig hirtir hér,  
hönd þína' eg glaður kyssi.

Dauðans stríð af þín heilög hönd  
hjálpi mér vel að þreyja,  
meðtak þá, faðir, mína önd,  
mun ég svo glaður deyja.

Minn Jesús, andlátsorðið þitt  
í mínu hjarta' eg geymi,  
sé það og líka síðast mitt,  
þá sofna' eg burt úr heimi.

*Jakob Tryggvason – Hallgrímur Pétursson*

## Ritningarlestur



### Einsöngur

#### Umvafin englum

*Sarah McLachlan - Valgeir Skagfjörð*



## Guðspjall



### Hafið lokkar og laðar

Einn ég stend nú við stýrið og vaki.  
Stjörnubjartur nú himinninn er.  
Allt er hljótt og minn hugur, hann  
sífelld fer  
heim til hennar sem kærust er mér.

Ó, hve hugljúft er hennar að minnast,  
heitra faðmlaga' og hamingjugnótt.  
Eftirvænting um æðarnar seitlar.  
Ég sný áleiðis heim nú í nótt.

Því sem sjómaður sigli' ég um hafið  
og af sjónum ég heim aftur sný.  
Ég uni ei lengi í landi,  
hafið lokkar og laðar á ný.

Og ég veit að þú skilur mig vina,  
ég verð að hlýða því kalli er mér  
ber,  
því hafið sífelld ólgar og niðar  
og ólgar líka í blóðinu í mér.

Því sem sjómaður sigli' ég um hafið  
og af sjónum ég heim aftur sný.  
Ég uni ei lengi í landi,  
hafið lokkar og laðar á ný.

*Sutton/Serill – Jóbanna G. Erlingsson*

## Minningarorð



## *Einsöngur*

You'll Never Walk Alone

*Richard Rogers - Oscar Hammerstein II*



## *Bæn og Faðir vor*



Nú legg ég augun aftur

Nú legg ég augun aftur,  
ó, Guð, þinn náðarkraftur  
mín veri vörn í nótt.  
Æ, virst mig að þér taka,  
mér yfir láttu vaka  
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Peter Caspar Krossing - Sveinbjörn Egilsson*

Ég fel í forsjá þína

Ég fel í forsjá þína,  
Guð faðir, sálu mína,  
því nú er komin nótt.  
Um ljósið lát mig dreyma  
og ljúfa engla geyma  
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Peter Caspar Krossing - Matthías Jochumsson*

## *Moldun*



Kveðja

*Bubbi Morthens*



# Blessun



## Útgöngulag

Gullnu vængir

G. Verði - Halldór Jörgensson



Prestur: Séra Erla Björk Jónsdóttir

Söngur: Páll Barna Szabo

Kór: Raddir kalla

Einsöngur: Ívar Helgason

Útfararstjóri: Kristján Ólafsson

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinahug.  
Að athöfn lokinni er viðstöddum boðið að þiggja veitingar  
í safnaðarheimili Dalvíkurkirkju í boði  
áhafnarinnar á Björgvin EA-311.*